

Úthlutunarreglur Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að efla íslenskar rannsóknir á krabbameinum, m.a. með því að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga. Með hliðsjón af því stofnframlagi sem kom úr sjóði Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna er sérstaklega tekið fram að sjóðurinn styrkir rannsóknir krabbameina í börnum og unglingum og aðhlynningu krabbameinssjúkra barna.

Stjórn sjóðs skal auglýsa opinberlega í byrjun febrúar ár hvert eftir styrkumsóknum í Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands. Í auglýsingu skal koma fram umsóknarfrestur, stutt lýsing á formi umsókna, hvar umsóknareyðublað og leiðbeiningar meggi finna og hámarksupphæð hvers styrks. Stjórn skal jafnframt á hverju ári ákveða heildarupphæð sem veita má í styrki á því ári með hliðsjón af starfsreglum sjóðsins.

2. gr.

Umsóknir.

Umsóknareyðublað er á heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands (www.krabb.is/visindasjodur).

Umsóknum skal skila á ensku eða íslensku (heiti verkefnis og stutt ágrip skal vera bæði á íslensku og ensku).

1. Aðalumsækjandi. Aðalumsækjandi skal vera sjálfstæður vísindamaður eða nýdokter og er sá sem hefur yfirumsjón með verkefninu. Sú meginregla gildir, þegar um er að ræða doktorsverkefni, meistara- eða sambærileg verkefni, að leiðbeinandi er aðalumsækjandi.
2. Heiti verkefnis. Hér skal rita heiti verkefnis á íslensku og ensku.
3. Heildarfjárhæð styrkumsóknar.
4. Upphaf verkefnis og áætluð lok þess.
5. Fyrirkomulag verkefnis. Skilgreina hvort um nemaverkefni er að ræða og þá hvers konar.
6. Samstarfsaðilar. Hér skal skrá helstu samstarfsaðila við verkefnið, prófgráðu, starfsheiti, vinnustaði og netföng.
7. Ágrip. Beðið er um stutta lýsingu á verkefninu á íslensku og ensku, svo sem markmið rannsóknarinnar, lýsingu á helstu rannsóknaraðferðum og væntanlegum niðurstöðum, sem og hugsanlegri gagnsemi. Hámark 500 orð á hvoru tungumáli.
8. Staða þekkingar á sviði verkefnisins. Ítarleg greinargerð um stöðu alþjóðlegrar þekkingar á sviði verkefnisins. Vísa skal í viðeigandi heimildir. Ekki er hægt að vísa í eldri umsóknir. Hámark 2.000 orð fyrir utan heimildalista.
9. Lýsing á gagnsemi og framlagi verkefnisins. Vísindalegt, hagnýtt, heilsufarslegt, tæknilegt og/eða hagrænt gildi niðurstaðna. Lýsið í nokkrum línum gildi verkefnisins. Verður mælanlegur árangur af verkefninu og er líklegt að niðurstöður leiði til nýrrar þekkingar á orsökum krabbameina, framfara í

forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga eða birtingar í vísindatímaritum eða þjálfunar rannsóknarnema. Lýsið jafnframt hvernig verkefnið samræmist tilgangi sjóðsins. Hámark 500 orð.

10. Lýsing á verkefninu. Lýsið aðferðum, þýði/úrtaki (hvert er og hver er stærð úrtaks/þýðis og hvers vegna) og búnaði og mælitækjum sem nýtt verða. Mælitæki geta verið ýmiss konar, t.d. spurningalistar og rannsóknarmælitæki. Sé sótt um styrk til tækjakaupa þurfa upplýsingar um búnaðinn og verð hans að fylgja. Spurningalistar fylgi umsókn, nema um sé að ræða þekkt og staðlaða lista, en þeim þarf þó að segja frá í umsókninni. Æskilegt er að fram komi hvort spurningalistar hafi verið staðlaðir. Einnig hvort mælitæki hafi verið forprófuð, sé rannsóknarúrtak mjög stórt eða rannsóknin nýnæmi. Hámark 1500 orð en auk þess má nota eina töflu eða mynd.

11. Framkvæmdaáætlun rannsóknarinnar. Lýsið framkvæmda- og tímaáætlun og tímamörkum einstakra verkþátta. Ef rannsóknin er til lengri tíma en eins árs skal þess getið og mikilvægt að lýsa heildarmynd rannsóknar þó einungis sé sótt um styrk til eins árs í senn. Styrkjum er úthlutað til eins árs en mögulegt er að sækja um framhaldsstyrk. Styrkur vegna sama verkefnis er veittur að hámarki í þrjú ár. Framhaldsumsókn skal fylgja framvinduskýrsla. Nauðsynlegt er að taka fram hlutverk og vinnuframlag sérhvers samstarfsmanns við verkefnið. Sé fyrirhugað að ráða sérstakan starfsmann að verkefninu skal nafn hans og starfsheiti koma fram, sé það þekkt. Hámark 700 orð, en auk þess má nota eina töflu eða mynd.

12. Kostnaðaráætlun og önnur fjármögnun rannsóknarverkefnis. Hér þarf að lýsa áætluðum kostnaði við einstaka þætti rannsóknarinnar og rökstyðja hann. Mikilvægt er að kostnaðaráætlunin sé trúverðug og að gerð sé grein fyrir einstökum þáttum. Þeir sem ekki senda inn ítarlegar upplýsingar geta átt von á að umsókninni verði hafnað. Árlegur hámarksstyrkur ákvarðaður af stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skal auglýstur og ekki er ætlast til að sótt sé um hærri upphæð. Sé rannsóknin kostnaðarsamari þarf að gera nákvæma grein fyrir því til hvaða þátta hennar á að nota styrkinn sem sótt er um, og hvernig verði staðið að annarri fjármögnun. Nauðsynlegt er að gera ítarlega grein fyrir annarri fjármögnun, t.d. doktorsnemastyrkjum. Ef þættir rannsóknar sem hljóta styrk úr Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins hljóta einnig styrk annars staðar frá skal sjóðnum tilkynnt um það. Laun. Tilgreinið laun með launatengdum gjöldum, hverjum launin verða greidd og hve lengi. Að öllu jöfnu eru laun fastra starfsmanna ekki styrkt nema sérstakur rökstuðningur fylgi.

13. Stutt ferilskrá með ritaskrá umsækjanda. Einungis þarf að senda inn náms-, starfsferils- og ritaskrá aðalumsækjanda og nemanda ef við á.

14. Hefur verið sótt um leyfi til rannsóknarinnar til viðeigandi nefnda/stofnunar? Skráið númer umsóknar/leyfis. Hafi rannsóknin í för með sér upplýsingaöflun sem gæti talist siðferðilegt álítamál þurfa viðeigandi leyfi að liggja fyrir.

15. Umsagnaraðilar. Umsækjendur um styrk geta hér komið á framfæri tillögum um matsaðila eða tilgreint aðila sem ekki eru heppilegir umsagnaraðilar t.d. keppinautar.

3. gr.

Mat á umsóknum.

Vísindaráð Krabbameinsfélags Íslands fer yfir allar umsóknir sem berast. Ráðinu er heimilt að leita ytri umsagnar. Sérstaklega er lögð áhersla á að:

- markmið rannsóknar sé skýrt og samræmist tilgangi sjóðsins.
- stöðu þekkingar á fræðasviði verkefnisins sé vel lýst.

- vísindalegt, hagnýtt, heilsufarslegt, tæknilegt og/eða hagrænt gildi verkefnis sé ótvírætt og rannsóknin leiði til nýrrar þekkingar.
- vísindalegur styrkur umsækjenda sé útlistaður og að til staðar sé nauðsynleg aðstaða og fagleg þekking.
- lýst sé öllum þáttum aðferðafræðinnar og að val á úrtaki/þýði sé útskýrt.
- rannsóknaráætlun sé raunhæf og í samræmi við markmið og skýrar upplýsingar gefnar um vinnufyrirkomulag og verkaskiptingu/vinnuframlag innan rannsóknarhópsins.
- fjárhagsáætlun sé raunsæ og nákvæm og skýrt hvernig nota á peningana.

Við mat á umsögnum ber Vísindaráði að skila umsögn um sérhverja umsókn þar sem heildarniðurstöður eru dregnar fram. Í slíkri umsögn skulu tilteknir helstu kostir og gallar umsóknar. Vísindaráði ber að leggja til vísindalega forgangsöröðun á styrkumsóknum til Stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum samkvæmt úthlutunarreglum hans. Skal stjórn hafa endanlegt ákvörðunarvald um úthlutun, en skal við úthlutunina taka mið af umsögn Vísindaráðs

4. gr.

Kynning á verkefnum.

Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skal stuðla að því að styrkúthlutanir séu kynntar almenningi og að árangur verkefna sé jafnframt kynntur þegar verkefnum lýkur. Styrkhafar skulu geta stuðnings frá sjóðnum þegar vísindaniðurstöður eru kynntar eða birtar í vísindagreinum.

5. gr.

Dreifing greiðslna og skil á framvindu- eða lokaskýrsla.

Þegar vísindarannsókn hlýtur styrk er hann greiddur út á hverju ári í þremur greiðslum. Fyrsta greiðsla (50%) greiðist í júní, önnur greiðsla (40%) greiðist í nóvember. Þegar framhaldsumsókn er send inn skal skila framvinduskýrslu en þegar vísindarannsókn lýkur skal skila lokaskýrslu. 10% af veittum vísindastyrk hvers árs skal haldið eftir þar til framvinduskýrsla eða lokaskýrsla hefur borist stjórn og vísindaráð samþykkt að hún sé fullnægjandi.

Úthlutunarreglurnar voru samþykktar á fundi stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands 25. janúar 2017.

Breytingar á 2.gr. í liðum 11 og 12 voru samþykktar á fundi stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands 27. janúar 2020. Breytingar á 2.gr. lið 9 og 3.gr. voru samþykktar á fundi stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins 23. nóvember 2023. Breyting á 5.gr. var samþykkt á fundi stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins 14. maí 2025